

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2016, 22. ágúst, var haldinn 41. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsinu og hófst kl. 13.34. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Eva H. Baldursdóttir, Skúli Helgason, Hildur Sverrisdóttir, Björn Gíslason, Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar Jörgen Sandholt og Theódóra Sigurðardóttir. Fundarritari var Oddrún Helga Oddsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um staðsetningu umboðsmanns borgarbúa Frestað.
2. Lögð fram hugmynd af samráðsvef „Betri Reykjavík“ frá 30. nóvember 2015. Biðlínukerfi til að gera þjónustu í RVK skilvirkari. Frestað. Samþykkt var að óska eftir ítarlegri umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs.
3. Lögð fram til umsagnar drög að stefnu um frístundarþjónustu dags. 8. júlí 2016 ásamt drögum að umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Drögin voru samþykkt einróma.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði, Hildur Sverrisdóttir og Björn Gíslason, samþykkja helstu atriði stefnunnar en benda á að það skýtur skökku við að á sama tíma og lagðir eru fjármunir, orka og athygli borgarkerfisins í að búa til svona stefnu er – að því er virðist með einu pennastriki – tekin ákvörðun um að skerða þjónustu frístundaheimila um 15 mínútur sem setur fjölmarga foreldra á vinnumarkaði í klandur. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja tvískinnung fölginn í því að annars vegar sé verið að gera og hampa stefnu með metnaðarfullar áætlanir á sama tíma og tekin er ákvörðun sem skerðir þjónustuna sem um ræðir. Þótt enginn velkist í vafa um bága fjárhagsstöðu borgarinnar undir stjórn núverandi meirihluta telja sjálfstæðismenn að skoða hefði átt betur hvort ekki hefði verið hægt að halda þessari mikilvægu þjónustu áfram úti með því að skera niður annars staðar í kerfinu og/eða að bjóða foreldrum að geta greitt hóflegt gjald fyrir þá aukarþjónustu sem þarna var skorin niður án samráðs við notendur hennar eða skoðunar á öðrum lausnum. Metnaðarfull stefna um frístundarþjónustu missir marks þegar framkvæmd þjónustunnar er svo með slíku sleifarlagi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna þakka drög að metnaðarfullri frístundastefnu og fagna sérstaklega þeirri áherslu sem lögð hefur verið á lýðræðislega aðkomu barna og ungmenna sem njóta þjónustunnar. Áréttað er að ákvörðun um að frístundaheimili loki fimmtán mínútum fyrir eða kl. 17, byggði á því að skapa samræmi við opnunartíma leikskóla sem og að finna leiðir til hagræðingar sem ekki skerða verulega þjónustu.

kl. 14.05 tekur Helga Björg Ragnarsdóttir sæti á fundinum.

4. Fram fer kynning á námsferð til Svíþjóðar
5. Lögð fram samþykkt tillaga borgarráðs dags. 20. júní 2016 um Rafræna þjónustumiðstöð.

6. Lögð fram samþykkt tillaga borgarráðs dags. 19. júlí 2016 um kosningakerfi verkefnisins „Hverfið mitt“ verði uppfært og aðlagð snjallsímum og öðrum snjalltækjum.
7. Fer fram umræða um verklag við gerð lýðræðisstefnu.
8. Lögð fram til kynningar kosninga í stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

Fundi slitið kl. 14.39

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir
Skúli Helgason
Björn Gíslason

Eva H. Baldursdóttir
Hildur Sverrisdóttir
Jón Ingi Gíslason